

Dómsorð:

Ákærði, Páll Hallgrímsson, sæti fangelsi 6 mánuði. Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Bjarna Jónssyni kr. 390.00.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. marz 1956.

Nr. 22/1956. **Ákærvaldið**

(Ragnar Jónsson)

gegn

Sigurði Arnbjörnssyni

(Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Arnbjörnsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar og Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. febrúar 1956.

Ár 1956, þriðjudaginn 7. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 321/1956: Ákærvaldið gegn Sigurði Arnbjörnssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali, dags. 23. þ. m., er Sigurður Arnbjörnsson, nú refsifangi í hegningarhúsinu hér, ákærður fyrir að hafa þriðjudaginn 27. nóvember f. á. tekið að ófrjálsu og slegið eign sinni á myndavél í húsinu nr. 22 við Suðurgötu, en brot þetta telst varða við 244. gr. laga nr. 19/1940. Krafizt er, að ákærði verði dæmdur til refsingar, réttindasviptingar samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 7. marz 1929. Hann hefur sætt þessum kærum og refsingum:

- 1945 18/10 Húnavatnss. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölæði.
- 1947 3/6 Húnavatnss. Dómur aukaréttar, 15 daga varðhald, skilorðsbundið í 3 ár, og 100 kr. sekt fyrir brot gegn XXV. kafla hegningarlaganna og 18. gr. laga nr. 33/1935.
- 1948 6/4 Húnavatnss. Dómur sama réttar, 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. með hliðsjón af 245. gr. hegningarlaganna.
- 1948 30/7 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 28/8 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 18/9 Rvík. Dómur aukaréttar, 10 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað og áfengislagabrot.
- 20/9 Rvík. Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 111. gr., 2. mgr., hegningarlaganna.
- 1949 2/2 Rvík. Dómur aukaréttar, 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.
- 1950 28/1 Keflavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á áfengislögum.
- 1/9 Rvík. Dómur, 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244., 245. og 248. gr. hegningarlaganna. Skaðabætur, kr. 1079.50, í sama máli.
- 1952 15/3 Rvík. Dómur, 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. og 248. gr. hegningarlaganna.
- 12/5 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaganna.

- 29/11 Rvík. Dómur, 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi svo og rétti til að öðlast ökuskírteini ævilangt fyrir brot á 244. og 248. gr. hegningarlaga, áfengislögum og bifreiðalögum.
- 1953 22/5 Rvík. Dómur sakadóms Reykjavíkur, 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga.
- 1954 4/6 Rvík. Dómur sakadóms Reykjavíkur, 3 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga.
- 1955 8/10 Rvík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Felld niður.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum er sannað, að hinn 27. september f. á. kom ákærði í húsið nr. 22 við Suðurgötu og hitti þar fyrir Björn Þorsteinsson sagnfræðing, sem býr þar. Ekki voru þeir kunnugir. Ákærði bauðst til að útvega Birni alls konar smyglaðar vörur, er hann þó ekki hafði yfir neinum að ráða. Ekki fýsti Björn að eiga kaup við hann. Ákærða hafði verið vísað inn í skrifstofu Björns, og fór viðræða þeirra þar fram. Björn brá sér nú frá. Tók ákærði þá myndavél, er var inni í skrifstofunni, og fór burt með hana. Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi selt myndavél þessa fyrir 200 kr., en vill eigi nafngreina kaupandann. Eftir að ákærði hafði verið kallaður fyrir rannsóknarlögregluna út af kærðu Björns, hafði hann upp á myndavélinni og skilaði Birni og baðst afsökunar á atferli sínu. Björn kveðst hafa keypt umrædda myndavél fyrir nokkrum árum notaða fyrir 700 kr. Hann gerir engar bótakröfur.

Ákærði hefur samkvæmt þessu framið brot það, sem hann er ákærður fyrir og varðar við 244. gr. hegningarlaga, svo sem í ákæru greinir. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði. Ákærði nýtur eigi kosningarréttar og kjörgengis til opinberra starfa og annarra almennra kosninga, þar eð hann hefur með fyrri dómum verið sviptur þessum réttindum, en hann hefur nú enn samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga unnið til slíkrar réttindasviptingar.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Arnbjörnsson, sæti fangelsi í 4 mánuði. Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.